



Heiti áfanga: Kvikmyndir og saga

Áfanganúmer: SAGA3AB05

Prep: 3

Fyrir hvaða bekk: Val hjá 3.F og 3.N

Aðili sem kynnir áfanga: Sigurður Pétursson

Lýsing: Kvikmyndir og saga

Saga kvikmyndanna, áhrif og hlutverk þeirra í samfélaginu, er umfjöllunarefni þessa áfanga. Tilurð og þróun kvikmyndagerðar, tæknibreytingar og frásagnarháttur kvikmyndanna skoðaður. Fjallað um stefnur og strauma í kvikmyndagerð á 20. öld og helstu áhrifavalda. Hvað segja kvikmyndir okkur? Hvernig á að segja sögu í kvikmynd? Hvernig er sagan túlkuð í kvikmyndum?

Einnig er saga íslenskrar kvikmyndagerðar skoðuð og staða kvikmyndagerðar í samtímanum.

Jafnframt verður leitast við að fá nemendur til aemendur til að spreyta sig á verkefnum um kvikmyndir og kvikmyndagerð, handritasmíð og myndbandagerð.

Byggt verður á þeim grunni í sögu sem lagður var í fyrri áföngum. Áhersla lögð á kvikmyndalæsi, gagnrýna hugsun, lýðræði, mannréttindi og getu til að setja sig í spor annarra.

Forkröfur: SAGA1FR05 og SAGA2MN05 (Saga á fyrsta ári)

Námsmat: Fjölbreytt; verkefni, framsögur og próf úr lesefni.